

# Fundargerð



MÝVATN

## Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 73. fundur.

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 25. febrúar 2010, kl. 13:30.

### DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, síðari umræða.
3. Gjaldskrá hitaveitu Reykjahlíðar, síðari umræða.
4. Gjaldskrá hitaveitu v/Birkilands, síðari umræða.
5. Framlagning kjörskrár v/þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars.
6. Málefni heilsugæslu, fulltrúar frá Heilbrigðisst. Þingeyinga mæta til fundarins.
7. Bréf frá formanni sóknarnefndar Skútustaðasóknar dags. 31. jan.
8. Bréf frá formanni sóknarnefndar Reykjahlíðarsóknar dags. 2. feb.
9. Gjaldskrá ÍMS.
10. Gjaldskrárhloti álagningarreglna fasteigna- og þjónustugjalda, síðari umræða.
11. Baðfélag Mývatnssveitar, hlutafjárkaup.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.  
Oddviti setti fund.
2. Þriggja ára fjárhagsáætlun, síðari umræða.  
Fjárhagsáætlun til þriggja ára rædd og samþykkt. Gert er ráð fyrir halla á rekstri samstæðunnar árið 2013. Sveitarstjórn telur að þrátt fyrir að gert sé ráð

fyrir hallarekstri 2013 sé ekki ástæða til að skrifa eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga bréf þar sem fram komi hvernig hallanum skuli mætt.

### 3. Gjaldskrá hitaveitu Reykjahlíðar, síðari umræða.

Eftirfarandi gjaldskrá var samþykkt við fyrri umræðu 17. febrúar.

#### *Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar*

##### **1. gr.**

*Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.*

##### **2. gr.**

*Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.*

*Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.*

##### **3. gr.**

*Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mæstast, sem hér segir:*

- |    |   |          |
|----|---|----------|
| a) | Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... | kr. 78,- |
| b) | Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast.....       | kr. 63,- |
| c) | Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... | kr. 47,- |

*Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.*

*Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætla hitaveitan vatnsnotkunina með liðsón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.*

##### **4. gr.**

*Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:*

- |    |                               |             |
|----|-------------------------------|-------------|
| a) | Fyrir mæli allt að ¾” .....   | kr. 680,-   |
| b) | Fyrir mæli 1” – 2 “ .....     | kr. 1.370,- |
| c) | Fyrir mæli 3” og stærri ..... | kr. 2.730,- |

##### **5. gr.**

*Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 620,-*

*Gjalddagi hitaveitugjala er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.*

##### **6. gr.**

*Heimædagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:*

Hús 400 – 2000 m<sup>3</sup>:

Fyrir 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	125.610,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m <sup>3</sup> .....	kr.	109,-
Hús stærra en 2000 m <sup>3</sup> .....	kr.	299.730,-
og fyrir hvern rúmmetra umfram 2000 m <sup>3</sup> .....	kr.	87,-
öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.		
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er .....	kr.	16.680,-

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk .....

kr.	1.240,-
-----	---------

í hvert skipti.

#### 7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heypurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

#### 8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

#### 9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtak á kostnað gjaldanda.

#### 10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis frá 1. janúar 2008.

Samþykkt samhljóða.

### 4. Gjaldskrá hitaveitu v/Birkilands, síðari umræða.

Eftirfarandi gjaldskrá var samþykkt við fyrri umræðu 17. febrúar.

#### Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi.

##### 1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar í Birkilandi við Voga samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

##### 2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

**3. gr.**

Fyrir afnot heita vatnsins skal greiða skvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimitaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

- a) Fyrir vatn 80° C og heitara greiðast..... kr. 78,-
- b) Fyrir vatn 70°- 79° C greiðast..... kr. 63,-
- c) Fyrir vatn 69° C og kaldara greiðast..... kr. 47,-

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka ef vatnshiti breytist.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætlað hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

**4. gr.**

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

- a) Fyrir mæli allt að ¾” ..... kr. 680,-
- b) Fyrir mæli 1” – 2 “ ..... kr. 1.370,-
- c) Fyrir mæli 3” og stærri ..... kr. 2.730,-

**5. gr.**

Hitaveitugjöld skvæmt 3. og 4. grein verða krafín mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestratíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald, kr. 620,-.

Gjalddagi hitaveitugjala er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

**6. gr.**

Heimædagjald Hitaveitu Reykjahlíðar í Birkilandi skal vera sem hér segir:

Fyrir hverja heimæð .....	kr.	367.500,-
Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er .....	kr.	16.680,-

Lóðarhafar greiða auk heimæðargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er auk ..... kr. 1.240,-  
í hvert skipti.

**7. gr.**

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

**8. gr.**

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

**9. gr.**

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Samþykkt samhljóða.

**5. Framlagning kjörskrár v/þjóðaratkvæðagreiðslu 6. mars.**

Kjörskrá liggur nú frammi almenningi til sýnis. Á kjörskrá eru 292, 140 konur og 152 karlar. Berist ekki athugasemdir við kjörskrána eins og hún liggur fyrir felur sveitarstjórn sveitarstjóra að undirrita hana og afhenda kjörstjórn.

**6. Málefni heilsugæslu, fulltrúar frá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga mæta til fundarins.**

Frestað vegna forfalla.

**7. Bréf frá formanni sóknarnefndar Skútustaðasóknar dags. 31. jan.**

**8. Bréf frá formanni sóknarnefndar Reykjahlíðarsóknar dags. 2. feb.**

Sveitarstjórn samþykkti að afgreiða þessa tvo liði saman.

Í bréfunum sem eru samhljóða kemurr fram að um nokkurt skeið hafi staða organista við báðar sóknir í Skútustaðahreppi verið í lausu lofti og þjónusta við kirkjulegar athafnir verið leyst með skammtímasamningum við fyrrverandi organista. Þess er því farið á leit við sveitarstjórn að þegar staða tónlistarkennara í sveitarfélaginu verði auglýst, verði jafnframt óskað eftir að hann sinni kirkjulegum störfum innan sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og mun taka tillit til þessa næst þegar auglýst verður eftir tónlistarkennara.

**9. Gjaldskrá ÍMS.**

Eftirfarandi gjaldskrá samþykkt.

**Gjaldskrá Íþróttamiðstöðvar, gildir frá 1. mars 2010.**

	Stök	Kort	Kort	Kort	Kort	Kort	Kort
	skipti	10 miða	30 miða	5 vikur	3 mán	einstakl	hjón
Fullorðnir, sextán ára og eldri/sund	350	2.500	5.500			19.000**	25.300**
Börn, fimmtán ára og yngri/sund	0	0	0			0	
Þreksalur/sund	600	4.500		5.000*	10.000*	25.500**	38.000**
Ljós/sund	700	6.000					
Íþróttasalur	2.800						
Badminton	1.000						
Leiga á sundfötum	300						

**10. Gjaldskrárhloti álagningarreglna fasteigna- og þjónustugjalda, síðari umræða.**

*GJALDSKRÁ  
fyrir sorphirðu í Skútustaðahreppi.*

*1. gr.*

*Sveitarstjórn Skútustaðahrepps er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) sem innheimta skal með fasteignagjöldum.*

2.gr.

*Gjaldið er sem hér greinir:*

<i>Íbúðir</i>		23.200 kr.
<i>Fyrirtæki:</i>	a)	23.200 kr.
	b)	63.800 kr.
	c)	116.400 kr.
	d)	213.500 kr.
	e)	416.500 kr.
	f)	631.600 kr.

*Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra. Gjaldið er innheimt með fasteignagjöldum.*

3.gr.

*Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 8.gr. samþykktar nr. 541/2000 um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, og með vísan í 25. gr. laga nr. 7/1998. Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps og staðfest á fundum hennar 17. febrúar og 25. febrúar 2010.*

4.gr.

*Gjaldskráin öðlast þegar gildi. Gjaldskrá nr. 310/2009 fellur úr gildi frá sama tíma.*

Samþykkt samhljóða. Sveitarstjóra falið að afla gjaldskránni staðfestingar.

## **11. Baðfélag Mývatnssveitar, hlutafjárkaup.**

Með bréfi dags. 6. janúar tilkynnti stjórn Baðfélags Mývatnssveitar hluthöfum, þá ákvörðun Byggðastofnunar að selja 20,83% hlut sinn í félaginu. Við söluna virkjuðust forkaupsréttarákvæði sem stjórn Baðfélagsins ákvað að nýta með það að markmiði að selja hlutinn áfram til hluthafa í samræmi við samþykktir félagsins.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir hér með að nýta sér forkaupsrétt að fölum hlut í Baðfélagi Mývatnssveitar í samræmi við hlutfallslega eign sveitarfélagsins í félaginu.

Fleira ekki gert.  
Fundi slítið.  
Margrét Hólm Valsdóttir,  
Ingunn Guðbjörnsdóttir,  
Kristján Stefánsson,  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
Böðvar Pétusson.